

✉ Re: 2210035 - Ósk um umsögn - lýsing að breytingu á aðalskipulagi

Búið til	1.11.2022 08:13:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.11.2022 08:13:03
Tilheyrir	 202210-0021 - Breyting á aðalskipulagi - Borgarbyggð/Norðtungu

Efni

Re: 2210035 - Ósk um umsögn - lýsing að breytingu á aðalskipulagi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.11.2022 08:13:03	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@lmi.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202210-0021 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. þann 18. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna nýrrar frístundabyggðar við Norðtungu í Þverárhlíð.

Frístundabyggðin er allstór og gerir ráð fyrir um 50 frístundalóðum. Svæðið sem um ræðir er að hluta landbúnaðarland sem er ekki metið gott til ræktunar, ásamt nokkuð breytilegu gróðurfari m.a. votlendi, graslendi og birkiskógi. Rask verður á vistgerðum með hátt verndargildi og mikilvægt er að draga úr því eins og kostur er og nota staðargróður til uppgræðslu.

Náttúrulegum birkiskógi verður raskað en stefnt er að því að gróðursetja birki sem mótvægisáðgerð. Horfa ætti til þess að nýta fræforða eða plöntur af svæðinu frekar en að nota aðflutt birki. Jákvætt er að fram komi að óheimilt sé að gróðursetja útlendar plöntur innan lóða til að tryggja að náttúrulegir birkiskógar á svæðinu verði ekki fyrir áhrifum.

Staðsetning frístundabyggðarinnar er að mörgu leyti góð, einkum því hún gerir ekki ráð fyrir þörf á mikilli vegagerð og svæðið er að hluta til raskað en þar er námusvæði í dag. Þá eru mótvægisáðgerðir vegna rasks á birkiskógi tilgreindar og mikilvægt að þeim sé fylgt eftir.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við val á nýjum frístundabyggðum þurfi að horfa heildstætt á gildi svæða í dag út frá bæði gróðurfari og fuglalífi. Búsvæðum mófugla er víða ógnað vegna breytinga á landnotkun m.a. uppbyggingu frístundabyggða, skógræktar o.fl. Mikilvægt er að huga að því að nægjanlega mörg og/eða stór svæði séu skilin eftir þar sem varp mófugla getur þrífist en sumar mófuglategundir eins og heiðlóa, spói og stelkur velja frekar opin svæði og forðast mannvirki og há tré.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2210035 - Ósk um umsögn - lýsing að breytingu á aðalskipulagi

Date: 18.10.2022 12:40:14

Góðan dag

Efni: **Norðtungu** – skipulagslýsing

Varðar umsögn um lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12. október 2022 að auglýsa lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, Breyting á landnotkun í landi Norðtungu.

Umsagnafrestur er til og með **1. nóvember 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (<mailto:skipulag@borgarbyggd.is>) eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Ósk um umsögn dags. 18. október 2022

Skipulagslýsing dags. 14.09.2022 – gögn á heimasíðu, tengill Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð (borgarbyggd.is)

(<https://www.borgarbyggd.is/is/thjonusta/skipulagsmal/skipulagsauglysingar/hraunbrekkur-34-nidurskogi-og-nordtungu-skipulagslysingar>)

Bestu kveðjur / Best regards

Þóra Margrét Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

+354 433-7100

skipulag@borgarbyggd.is (<mailto:skipulag@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is
(<http://www.borgarbyggd.is/>)

www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (<https://www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari>).